

# Ásgerður Búadóttir (1920–2014)

## *Skarðatungl*, 1976

Myndvefnaður; ull, hrosshár

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1976. Lí 3841

Ásgerður Búadóttir var brautryðjandi á sviði listvefnaðar hér á landi en hún hóf að nýta vefinn sem listrænan miðil við upphaf sjötta áratugar síðustu aldar. Efniviðurinn var í fyrstu ull en um miðjan sjöunda áratuginn hóf hún jafnframt að nýta hrosshár í verk sín svo eftir var tekið. Tæknina sótti hún í aldagamlar handverkshefðir sem settu henni oft strangar skorður en verk hennar eru þó fyrst og fremst frjáls listsköpun sem talaði beint inn í samtímann. Verkið *Skarðatungl* var á sínum tíma á haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna árið 1976 og segir það sína sögu að Ásgerður var alla tíð fullgildur félagi í samtökum myndlistarmanna og sýndi verk sín á sýningum félagsins. Var hún þannig mikilvæg fyrirmynd þeirra kvenna sem lögðu út á braut textíllistarinnar hér á landi eftir að textíildeild var stofnuð við Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1970. Verkið *Skarðatungl*, sem hefur kosmíska vísun í heitinu, einkennist af frumformunum og láréttum og lóðréttum línunum en Ásgerður notar einnig sveigðar endurteknar skálínur sem liggja frá vinstra horni upp til hægri og skapa hrynjandi. Samhliða hnýtir hún hvít hrosshár inn í vefinn og skapar mjúkar áherslur sem fanga augað, minna á þokuslæðing og skapa hreyfingu.

# Nína Gautadóttir (f. 1946)

## *Mosabarð*, 1976

Vefnaður; sísalhampur

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Á síðari hluta áttunda áratugarins, að loknu námi í málun, höggmyndagerð og textíllist í París, vakti Nína Gautadóttir athygli bæði hér heima og erlendis fyrir stór og efnismikil, ofin verk sem hún vann úr ýmsum efnum með aðferð sem hún þróaði sjálf. Eins og fleiri veflistamenn á hinum alþjóðlega vettvangi á þessum tíma, hefur Nína brotist út úr vefstólnum og sprengt rammann með tilfinningaríkri tjáningu og áþreifanleika efnisins. Verkin eru nánast þrívíð og meira í ætt við skúlptúr sem flokkast undir formleysu eða sjálfsprottna og óagaða abstraktlist en hefðbundin veggteppi. Mikilfengleg garnbendan sem blasir við áhorfandanum í verkinu *Mosabarð* minnir á kraumandi lífríkið þegar horft er ofan í svörðinn. Verkið er ágengt og lífrænt þar sem angar þess hlykkjast um á fletinum í mispykkum snúrum og lykkjum sem skapa dýpt. Míslangir þræðir lúta einnig þyngdarlögmálinu og hanga niður úr verkinu eins og málningartaumar og skapa jarðtengingu.

# **Anna Þóra Karlsdóttir** (f. 1946)

## ***Hringfari***, 1990

Þæfð ull, vax

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1991. LÍ 7271

Hringurinn, tákn eilífðarinnar, er það fyrsta sem grípur augað í verki Önnu Þóru Karlsdóttur og tengist hann hugleiðingum hennar um alheimsvitundina. Við nánari skoðun beinist athyglin að efninu sjálfu, ullarflókanum, en þæfing ullarlagða með hita og raka var lítt þekkt aðferð hér á landi um miðjan níunda áratug síðustu aldar þegar Anna Þóra kynntist þessu forna verklagi á sýningarferð erlendis. Hún varð strax heilluð af aðferðinni sem naut vaxandi vinsælda enda veitir hún tækifæri til að vinna hratt og býður upp á frelsi til mótunar og vinnu með form og liti á allt annan hátt en hinn hefðbundni myndvefnaður sem Anna Þóra lærði í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Konstfack-skólanum í Stokkhólmi í kringum 1970. Hér á landi var þæfing áður fyrr fyrst og fremst notuð til að þétta ofnar voðir en undanfarna áratugi, meðal annars fyrir tilstuðlan Önnu Þóru, hefur ullarflóki úr dýrahárum, unninn án vefnaðar eða spuna, fest sig í sessi sem efniviður í bæði tvívíð og þrívíð listaverk.

# Arna Óttarsdóttir (f. 1986)

## *Tásluóperan*, 2018

Myndvefnaður; bómull, ull, akrýlþráður

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2019. LÍ 9250

Óhátíðlegt og fjörlegt yfirbragð verksins *Tásluóperan* minnir á myndir barna á aldrinum 8–10 ára. Á þessu aldurs skeiði horfa þau gjarnan gagnrýnum augum á eigin verk og leita fyrirmynda hjá öðrum um leið og margs konar klisjur og dæmigerðar tilbúnar teikningar setja svip á verk þeirra. Að gera sér mat úr þessu ástandi, meðvitað eða ómeðvitað, kallar á spurningar varðandi túlkun verksins. Eitt er víst að listakonan sækir í brunn bernskunnar og fer ótroðnar slóðir í frásögn af skemmtilegum leik barna þar sem tærnar eru persónur og leikendur. Leikur barna getur sprottið af þörf þeirra og viðleitni til að ná tökum á heimi fullorðinna. Formyndin er pennateikning sem unnin er hratt eins og ósjálfrátt krot en slíkar teikningar nýtir listakonan til að vefa á láréttan vefstól sem tekur vitaskuld sinn tíma. Þannig vekur hún athygli á sjálfum miðlinum og þeirri natni sem hann krefst. Að vefa augnablik í tíma og rúmi má líkja við að höndla fjórðu víddina.

# Vigdís Kristjánsdóttir (1904–1981)

## *Mósaík*, um 1958

Krossvefnaður; ull

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1958. Lí 6216

Vigdís Kristjánsdóttir átti stóran þátt í að vekja athygli hér heima á myndvefnaði sem listgrein um miðja síðustu öld. Í eldri heimildum er hún þó einatt aðeins nefnd vefari en ekki kennd við myndlist en á þeim tíma var stífari aðgreining milli listgreina en nú er og vefnaður, rétt eins og margvíslegar hannyrðir kvenna, fremur talinn til handverksgreina en fagurlista. Vigdís var engu að síður gagnmenntaður myndlistarmaður og átti að baki langt nám bæði í tónlist og myndlist auk vefnaðar, þar á meðal fimm ára nám í málalalist við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn. Efniviðurinn skipti Vigdís miklu máli og vann hún ávallt með íslenskt ullarband og lagði mikla natni í litunina þegar hún litaði bandið sjálf. Í verkinu *Mósaík* vinnur hún með frumlitina og blöndun þeirra þar sem formin raðast í stallaðar rauðlitaðar mynstursúlur sem rísa eins og eldgos upp í bláan himininn. Svart og hvítt er notað kunnáttusamlega til áhersluauka og til jaðranna má sjá heita jarðliti sem gefa efnislega tengingu þótt verkið sé abstrakt. Hún nýtir sér lögmál vefjarins og lætur stölluð formin skapa stíganda og hrynjandi bæði upp og niður eins og um tónverk sé að ræða.

# Kristín Gunnlaugsdóttir (f. 1963)

## *Veggteppi IV*, 2010

Útsaumur; ull, nælongarn, hessíanstrigi

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2010. LÍ 8256

Hispurslaust myndmálið í veggteppinu er í hrópandi andstöðu við málverk þau er Kristín gerði á níunda áratugnum og vísuðu til helgimynda miðalda þar sem hún nýtti sér aðferðafræði íkóna-málverksins og myndmál sem hún aðlagði eigin frásögn. Á vissan hátt vekja ísaumsmyndir Kristínar hugrenningar um hina hliðina á helgimyndum miðalda. Í andstöðu við orðræðu kristindómsins um meyfæðingu og óspjallaðan líkama konunnar vísar Kristín hér í unað holdsins og helgi líkama sem fæðir líf. Það er enginn tepruskapur í flennistöfum ísaumsmyndum listakonunnar þar sem konur eru í aðalhlutverki. Konur í margslungnum hlutverkum, mæður og stúlkur sem bjarga sér og öðrum í basli daglegs lífs. Með verkum sínum er sem listakonan vilji vekja máls á hlutskipti kvenna um heim allan og hefja framlag þeirra til lífsins til vegs og virðingar. Svipta í burtu pukrinu, goðsögninni og hindurvítunum sem hafa skapað konum ómælda þjáningu í gegnum tíðina. Snörp og hárfín teikningin er saumuð í með ullarbandi á hessíanstriga í anda þeirrar handverkshefðar sem konur hafa ástundað, oft á tíðum án sérstakrar viðurkenningar í heimi fagurlista. Það hvílir bernskt sakleysi yfir myndsviðinu þar sem miðlæg konan í grænu sokkunum brosir blítt sem í öðrum heimi með bleikt leikfangið í hönd. Sjónarhornið englanna sem sitja saman í hring, sænginni yfir minni.

# Ása Ólafsdóttir (f. 1945)

## *Eldur undan*, 1990

Myndvefnaður; ull, hör, angóraull

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Í mörgum verka sinna sækir Ása Ólafsdóttir innblástur til náttúrunnar og í verkinu *Eldur undan* er það jörðin sjálf sem verður henni að yrkisefni. Hér flettir hún upp yfirborði jarðar til að sýna þann eld sem brennur undir. Ása bendir einnig á að jörðin sé kvenkyns eins og hún sjálf og það sé hennar innra landslag sem hún er að vefa en ekki eitthvað sem hún tekur beint úr umhverfinu. Hún opnar því ekki aðeins inn í kviku jarðar heldur einnig inn í viðkvæma kviku eigin tilfinningalífs. Eins og í öðrum verkum sínum vinnur Ása einnig með eiginleika vefjarins, reitaskiptingu, litablæbrigði og yfirborð sem höfðar til snertiskyns áhorfandans.

# Ásgerður Búadóttir (1920–2014)

## *Sól í Siena*, 1964

Röggvarvefnaður; ull

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1997. Lí 6001

Í upphafi sjöunda áratugarins, eftir að Ásgerður hafði ofið fíguratíf, stílfærð teppi um hríð með þeim árangri að hljóta gullverðlaun á alþjóðlegri lista- og handverkssýningu í Þýskalandi 1956, tók listakonan til við að þróa óhlutbundin verk með fornri aðferð sem kölluð er röggvarvefnaður. Er það eins konar flosvefnaður með fremur löngum gisnum endum (röggvum). Á milli umferða með hnýttum röggvum eru ofin tvö eða fleiri einskeftufyrirdrög sem binda voðina saman og mynda botninn eða bakhliðina. Ásgerður nýtti þessa fornu aðferð í nokkur litrík abstraktverk þar sem hún notaði frekar langa og gisna röggva sem kalla fram samspil ljóss og skugga. Í verkinu *Sól í Siena* sækir Ásgerður innblástur í upplifun sína í ferð um Ítalíu. Hér þekur heitur appelsínurauður litur nánast allan flötinn en út til jaðranna er dumbrauður litur með bláu ívafi sem eykur áhrifin og framkallar minningu um sumar og sól á suðlægum slóðum.



## **Sigrún Sverrisdóttir (f.1949)** ***Konur og menn*, 1976**

Myndvefnaður; ull  
Í eigu listamannsins

Vefnaður er tímafrekur og því eiga textíllistamenn ekki alltaf hægt um vik hvað varðar einkasýningar. Textílfélaginu, sem var stofnað árið 1974 og starfar enn, var meðal annars ætlað að stuðla að samsýningum félagsmanna. Sama ár var einnig settur á fót norrænn textílpríæringur og tók félagið þátt í uppbyggingu hans frá upphafi. Sýningar príæringisins fóru um öll Norðurlöndin og átti hann mikilvægan þátt í að skapa textíllist hagstæð skilyrði þau ár sem hann var við lýði, eða fram til 1995. Meðal þeirra níu verka eftir sex íslenska listamenn sem voru á fyrsta príæringnum 1976–1977 var verk Sigrúnar Sverrisdóttur, *Konur og menn*, sem eins og mörg önnur textílverk frá þessum tíma endurspeglar þjóðfélagsumræðu samtímans þar sem réttindabaráttu kvenna var ofarlega á baugi. Uppgangur textíllistar á áttunda áratugnum hélst í hendur við kvennabaráttuna í landinu og segja má að baráttan fyrir almennri viðurkenningu textíllistar sem fullgildrar greinar innan frjálsra lista endurspegli baráttu kvenna fyrir fullri viðurkenningu á störfum sínum í þjóðfélaginu.

# **Þorbjörg Þórðardóttir (f. 1949)**

## ***Skyggni ágætt*, 1979**

Myndvefnaður; ull

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Í upphafi ferilsins, á áttunda áratugnum, sótti Þorbjörg Þórðardóttir gjarnan myndefni sitt í daglegt líf eins og algengt var í myndvefnaði á þeim tíma, og var yrkisefnið oftast en ekki fengið úr reynsluheimi kvenna og innlegg í jafnréttisbaráttuna. Eins og margir af þeim listamönnum sem lögðu sitt af mörkum til alþjóðlegra mótmælahreyfinga upp úr 1968, sneri Þorbjörg sér að nýjum viðfangsefnum á níunda áratugnum og hefur upp frá því einkum sótt innblástur í náttúruna. Í verkinu *Skyggni ágætt* slær Þorbjörg á léttu strengi um leið og hún fíkrar sig út í náttúruna. Dæmigert landslagsmálverk af jökli grípur auga áhorfandans en það er ekki uppi á vegg heldur í fanginu á manni sem gæti verið listmálari og situr makindalega í sólstól. Um leið og jökullinn minnir á hið stórfenglega í náttúrunni byrgir málverkið manninum sýn á smágerða og ljóðræna náttúruna í næsta nágrenni.

## **Hildur Bjarnadóttir (f. 1969)**

### ***Endurgerð striga III, 2004***

Heklaður belgískur hör

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2004. LÍ 6923

Á meðan margir láta sér fátt um finnast um flokkun listar í nytjalist og fagurlistir beitir Hildur Bjarnadóttir sér með útsmognum hætti og vekur spurningar er varða hænuna og eggjið. Hér hefur hún rakið upp málarastriga og heklað á ný úr bandinu annan striga þar sem sjá má endurtekið mynstur koma fyrir eins og gjarnan er um heklun teppi. Í gegnum tíðina hefur handverk kvenna sjaldnast verið sett á stall með viðurkenndri myndlist heldur fremur verið litið á það sem nytjalist eða skraut. Hildur vísar hér til ómældrar vinnu, tíma og erfiðis sem liggur að baki fínlegri handavinnu sem hefur ekki fengið sess í sögunni né verið sá sómi sýndur sem vera ber í því karllæga gildismati sem markar sögu myndlistar. Það tók hana um ár að endurgera strigann með því að rekja hann upp og hekla á ný og það liggur því mikil vinna á bak við verkið. Verk Hildar eru þó einnig af hugmyndafræðilegum toga og má segja að hún geri hugmyndinni og handverkinu jafn hátt undir höfði og flokka megi verkin bæði sem handverk og myndlist. Merkingin liggur í striganum sjálfum en ekki því sem ætlað er að þekja hann.

# **Pétur Magnússon** (f. 1958)

## ***Veislan***, 2019

Stafrænn Jacquard-vefnaður; bómull

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2019. LÍ 9409

Myndir spretta fram í hugskoti manns af margvíslegum orsökum og í þessu tilfelli nefnir listamaðurinn meðfylgjandi stöku eða gátu sem hann lærði af móður sinni og ömmu í Mosfellssveitinni:

*Sat ég og át  
og át af mér,  
át það sem ég á sat  
og át af því.*

Flókin gáta sem getur reynst erfitt að svara en með því að rýna vel í myndina fæst svarið. Um leið hefur Pétur sett fram nokkurs konar allegóriu í ætt við verk Gunnlaugs Scheving, *Sumarnótt* frá árinu 1959, þar sem sjá má móður með barn við hlið kýrinnar úti í guðsgrænni náttúrunni. Verkið er ofið eftir samsettri ljósmynd sem listamaðurinn stillti upp fyrir með ýmsum kúntum á Leirunum í Mosfellssveit og má sjá Esjuna í bakgrunni. Ljósmyndaverk Sigurðar Guðmundssonar frá áttunda áratugnum voru unnin með svipuðum hætti en hér er ljósmyndin yfirfærð í textíl, ofin í stafrænum Jacquard-vefstól úti í Bandaríkjunum. Hæðin á verkinu er breiddin á vefstólnum. Pétur hefur lengst af unnið verk í anda hugmyndalistar og hér var það hugmyndin sem kallaði á ofið veggteppi.

# Ása Ólafsdóttir (f. 1945)

## *Af jörðu ertu I og II*, 1979

Myndvefnaður; ull, angóraull  
Í einkaeigu

Ása Ólafsdóttir lærði myndvefnað hjá Hildi Hákonardóttur í Myndlista- og handíðaskólanum og fór svo í framhaldsnám til Gautaborgar í Svíþjóð 1976–1978 þar sem hún bjó næstu árin. Myndefni sitt sótti hún þó í íslenska náttúru og menningu og á fyrstu einkasýningu hennar á Kjarvalsstöðum árið 1981 voru gamlar torfhleðslur áberandi í verkunum á einn eða annan hátt. Fyrirmyndirnar sótti hún í sveitina til afa og ömmu á Mýrunum. Útihúsin á bænum, meðal annars matarbúr, eldsmiðja og hesthús, urðu henni innblástur að verkunum *Af jörðu ertu*. Þessi verk vöktu athygli á sínum tíma fyrir frumlega útfærslu, svo sem notkun á angóraull til að skapa mismunandi áferð og yfirborð. Garnið litaði hún sjálf til að fá fram fjölbreytt blæbrigði.

# Ása Ólafsdóttir (f.1945)

## *Fyrirstaða*, 1984

Myndvefnaður; ull, angóraull

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1985. LÍ 4404

Á níunda áratug tuttugustu aldar var Ása Ólafsdóttir atkvæðamikil á vettvangi textíllistar og hélt fjölda einkasýninga og tók þátt í mörgum samsýningum bæði hér á landi og erlendis. Flest verka hennar frá þessum tíma eru fígúratívur myndvefnaður og mörg sækja innblástur í íslenska náttúru og menningu en eru á sama tíma mjög persónuleg. Í viðtölum í tengslum við þessar sýningar leggur Ása áherslu á að vinna við myndlist sé tjáning og spegli það sem listamaðurinn sé að hugsa. Í verkum hennar má oft sjá ýmis tákn og hefur hún bent á að spjótsoddar og örvar séu tákn um átök innra með henni sjálfri en einnig varnir hennar gegn umhverfinu. Í verkinu *Fyrirstaða* er örin brotin og óvissa framundan en von um bjartari framtíð að sögn Ásu.

# **Hildur Hákonardóttir** (f. 1938)

## **Ísland í NATO**, 1974

Myndvefnaður; ull

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2011. Lí 8537

Upp úr 1970 var abstrakt myndlist hætt að höfða til unga fólksins og landslagsmálverkið var liðin tíð. Kröfur um róttækar samfélagsbreytingar, jafnrétti og frið voru mál málanna og birtust oft með afgerandi hætti í myndlistinni. Myndvefnaður var einn af þeim miðlum sem varð áberandi í þessari pólitísku list um allan heim og hér á landi var Hildur Hákonardóttir framarlega í flokki þeirra sem tóku þátt í samfélagsumræðunni með verkum sínum. Lagði hún ekki aðeins jafnréttisbaráttunni lið eins og sjá má í þessu verki sem er frásagnarlegt og lýsandi fyrir pólitíska umræðu varðandi aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu NATO. Verkið minnir á áróðursplakat þar sem betra þykir að vera ekki í samtökunum þó við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. Verk Hildar eru iðulega einlæg og glettin þó undir niðri kraumi alvara.

**Kristinn G. Harðarson** (f.1955)  
***Útsaumur***, 1996–2001  
***Útsaumur***, 2002

Útsaumur; garn, léreft  
Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Það að eignast þak yfir höfuðið á Íslandi hefur verið sagt að jafnast á við herskyldu í útlöndum. Hvert er hlutverk karlmannna í öllu því dæmi? Hvað gerist þegar á hólminn er komið og flutt er inn? Hver skipuleggur híbýlin og ákveður hvernig fyrirkomulag er best? Verk Kristins vöktu athygli á sýningunni MENN í Hafnarborg árið 2015 og árétuðu spurningar um stöðu karla við upphaf 21. aldar. Eins og heiti verkanna gefur til kynna eru þau útsaumsverk og sýna þau grunnflöt íbúða. Að sögn listamannsins lýsa þau draumnum um hinn fullkomna íverustað. Nákvæmnin í handavinnunni skilar sérstakri tilfinningu á mörkum hins persónulega og almenna. Hér, eins og í mörgum öðrum verkum listamannsins, er það nærumhverfið og hversdagsleikinn sem er Kristni ofarlega í huga og heimilið og fjölskyldulífið leikur stórt hlutverk.



## **Anna Þóra Karlsdóttir** (f. 1946) ***Eldavélin***, 1976

Myndvefnaður; ull  
Í einkaeigu

Á fyrri hluta áttunda áratugarins sótti textíllistin í sig veðrið hér á landi, meðal annars fyrir tilstuðlan textíldeldarinnar sem var stofnuð við Myndlista- og handíðaskólann árið 1970. Hópur ungra myndlistarkvenna sem fékkst við myndvefnað stækkaði ört og þrátt fyrir fornar rætur þótti miðillinn framsækinn og höfðaði til þeirra sem vildu leggja sitt á vogarskálar pólitískrar umræðu og jafnréttisbaráttu líðandi stundar. Lífsmynstur konunnar frá vöggju til grafar, daglegt amstur við heimilisstörf, kúgun kvenna og ójafnrétti á vinnumarkaði varð því mörgum að yrkisefni í myndvefnaði. Vegna eðlislægra eiginleika miðilsins leika litir og fletir þó einnig stórt hlutverk í þessum hugvekjum. Hin lágstemmda svipmynd sem Anna Þóra dregur hér upp af gamla eldhúsinu, þar sem hún bjó, er eitt af mörgum verkum frá þessum tíma sem dregur upp einfalda en áhrifaríka mynd af aðstæðum kvenna um allan heim.

# Loji Höskuldsson (f. 1987)

## *Fífur í Galtalæk og útilegudót*, 2018

Útsaumur; garn, hessíanstrigi

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2018. LÍ 9244

Í verkum sínum velur Loji Höskuldsson að vinna í höndunum með mjúkan og ápreifanlegan efnivið. Líkt og Muggur forðum beitir hann útsaumstækni þar sem sköpunarþráin fær útrás í frásögn sem hér er unnin með lituðu ullarbandi á tvívíðan flöt hessíanstrigans. Loji ólst upp við handavinnu en móðir hans hefur meðal annars unnið bútsaumsteppi af mikilli ástríðu. Hún hefur einnig verið honum innanhandar við efnisöflun og kynnt hann fyrir flosnálinni. Ekki má heldur gleyma því að kynslóð Loja bauðst að sækja textílmennt, handavinnu eða sauma í grunnskóla. Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því Loji útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands hefur hann einbeitt sér að útsaumsverkum þar sem myndefnið er sótt í hans nánasta umhverfi og hversdagslegir hlutir sem tengjast íslenskum veruleika eru í aðalhlutverki ásamt margvíslegum blómum. Eins konar félagsraun-sæi á blíðum nótum. Verkið sem hér má sjá er tvískipt, fífurar sem þekja vinstri helming verksins tilheyra ríki náttúrunnar og hinum megin við bleikan plaststrenginn eru ýmsir manngerðir hlutir sem tengjast útilegum. Náttúra og menning hefur löngum verið viðfangsefni listamanna sem varpað hafa ljósi á margvísleg tengsl og tengslaleysi manns og náttúru í gegnum tíðina.

## **Hildur Bjarnadóttir** (f. 1969) ***Punt***, 2004

Útsaumur; garn, fundinn dúkur

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2004. LÍ 6922

Mörkin milli handverks og listar hafa löngum verið á reiki og í verki Hildar, *Punti*, er þessum margræddu mörkum ögrað. Upp úr fagurlega útsaumuðum kaffidúknum rísa mosapúfur og má ætla að þar sé listakonan að vísa til upphafningar landslagslistarinnar þar sem mosadúkurinn er kominn á stall eins og málverk Kjarvals. Meðan karlarnir máluðu landið vann kvenfólkið ýmiss konar hannyrðir sem að öllu jöfnu voru settar skör lægra. Framsetning verksins kallast á við verk DADA-stefnunnar þar sem aðfengið efni er notað í þágu hugmyndarinnar. Listamaðurinn bætir sínu handverki við með flosnál sem líkist mosagróðri og setur á tilbúinn stall og hafnar því að hér sé einungis um punt að ræða og konur séu almennt ekki bara upp á punt og því síður verk þeirra. Hildur ræktar þá handverkshefð sem formæður hennar ástunduðu og setur fram áleitnar spurningar um flokkunarkerfi listarinnar sem rekja má til Linnaeusar sem lagði grunn að flokkunarkerfi lífvera sem byggir á skyldleika og aðgreiningu.

## **Kristín Jónsdóttir frá Munkapverá (f. 1933)** ***Tvífarar*, 1982**

Þæfð ull, gifs

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1982. Lí 7200

*Tvífararnir* sem hér má sjá eru gerðir úr hvítum flóka úr ull sem Kristín fékk beint frá bónda og þæfði sjálf, en aðferðina lærði hún af bók. Þæfing er forn aðferð við nýtingu ullar, en um 1980 var þæfð ull sjaldséð í vestrænni myndlist þó að hinn þýski Joseph Beuys hafi notað ullarflóka í verk sín þegar um 1960. Við fyrstu sýn virðist hér vera um hefðbundna abstrakt höggmynd að ræða sem leiðir hugann að ís og snjó eða tveimur verum í hríðarbyl. Misstór formin, ásamt afstöðu þeirra sín á milli, skapa spennu sem fylgt er með hreyfingu sem stígandi rákir í efninu mynda. Hrein og hvít ullin minnir einnig á fornar marmarahöggmyndir og sömuleiðis stallurinn undir fígúrunum. Hér eru fábreyttir, samanhnoðaðir ullarlagðar komnir á stall eins og um nýklassík væri að ræða og verkið sómir sér því vel í nútímanum undir hatti póstmóðernisma.

## **Hildur Bjarnadóttir** (f. 1969) ***Svanhildur***, 1997

Heklað bómullargarn

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Hvítar heklaðar dúllur úr fínspunninni bómull með svanina allt í kring leiða hugann að allri þeirri fínlegu handavinnu sem konur hafa fengist við í gegnum tíðina og margar hverjar gera enn. Hver man ekki hvíta heklaða dúka sem báru vitni um þolinmæði og þrautseigju skapara sinna en höfðu ekki annað hlutverk en að vera til skrauts á borði eða sófabrík. Um leið og dúllurnar eru teknar úr því samhengi og settar á stall sem listaverk breytist merkingin, ekki ósvipað og salernisskál dadaistans Marcells Duchamp gerði forðum. Í hringlaga verkinu vísar Hildur einnig til svanarómantikur 19. aldar sem lifir enn góðu lífi. Uppsniðið handklæði í líki svans á hótélrúmi er táknmynd frjósemi og hver kann ekki ljóð um svanasöng á heiði? Táknmerkingin er margslungin, allt frá álögum og skáldasvönum og hinum deyjandi svani til goðsögunnar um Ledu og svaninn og hins margfræga *Svanavatns*.

# **Jonna – Jónborg Sigurðardóttir (f.1966)**

## ***Sjúkdómar*, 2018**

Heklaðir garnafgangar, lím

Í eigu listamannsins

Í verkum sínum leggur Jonna áherslu á endurvinnslu og eru verk hennar því úr fjölbreyttum efniviði og iðulega vekja þau áhorfendur til umhugsunar um ýmis brýn málefni eins og ofneyslu og sóun sem tengjast umhverfi okkar og lífsháttum. Jonna er búsett á Akureyri og hefur verið virkur þátttakandi í listalífinu þar undanfarinn áratug. Árið 2018 greindist hún með sortuæxli í auga sem leiddi til þess að hún er eineygð í dag. Hennar leið til að höndla þennan erfiða sjúkdóm var að móta hann í marglitan skúlptúr sem hún heklaði úr garnafigöngum. Einföld aðferð og handhæg leið til að vinna með þráð sem margir þekkja. Jonna lét ekki staðar numið við þennan eina sjúkdóm og hélt áfram að hekla fleiri meinsemdir og kvilla sem hún þekkir bæði af eigin raun og annarra og að lokum hafði hún mótað um 80 sjúkdóma, heilkenni og raskanir. Hún styðst ekki við læknisfræðilegar útskýringar eða myndir, heldur skapar hverja meinsemd fyrir sig eftir eigin tilfinningu. Að hennar sögn er ferlið að hekla sjúkdóma eins konar hugleiðsla fyrir hana og hjálpar það henni að móta meinið og handleika það.

# **Hrafnhildur Sigurðardóttir** (f. 1959)

## ***Nornarspeni*, 2005**

Heklað fiskigarn

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Verk Hrafnhildar Sigurðardóttur eru litrík og full af húmor en einnig hárbeitt ádeila þar sem áleitið efnisval vekur upp spurningar. Mörg þeirra fjalla um stöðu konunnar í okkar vest-ræna þjóðfélagi og hefur hún sérstaklega beint sjónum að stöðluðum útlitskröfum og fegurðarímynd kvenna sem er haldið að okkur í fjölmiðlum og óspart nýtt í hvers kyns auglýsingaskyni. Í eðli sínu og efni fjalla verkin einnig um endurtekningu á sama grunnþætti handverksins, t.d. hreyfingu heklunálarinnar, sem í heild sinni skapar verkið. Beinir hún þannig sjónum að konunni sem endurtekur þetta handverk aftur og aftur af ótrúlegri þolin-mæði en án sýnilegs tilgangs eða umbunar. Heiti þessa verks, sem Hrafnhildur lauk við sama ár og hún hlaut Norrænu textíl-verðlaunin, gefur þó fyrirheit um að heklað fiskigarnið búi yfir göldrum og geti verið til gagns.

## **G.Erla – Guðrún Erla Geirsdóttir (f. 1951)** ***Ég hef alltaf elskað ævintýr*, 1978**

Frottevefnaður; bómull

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Myndhöfundurinn G.Erla er mikil ævintýrakona og hefur látið til sín taka á mörgum sviðum þjóðlífsins, meðal annars í borgar-pólitík, réttindabaráttu myndlistarmanna og jafnrétti kynjanna. Risastór þvottapokinn, sem hér er til sýnis, leiðir hugann að ævintýrum fyrir börn, *Gúllíver í Putalandi*, *Dísu ljósálfi* og fleiru í þeim dúr. Handgerður þvottapoki í yfirstærð, fyrir hvern? Einhvern ótrúlega skítugan? Þrátt fyrir að konur séu í raun stanslaust að skúra og skrúbba allan heiminn er þvottapokinn þess eðlis að viðkomandi notar hann oftast sjálfur. Hvað sem inntaki verksins líður er hér komið mjög svo óhátíðlegt verk upp á vegg. Hversdagslegar athafnir mannsins orðnar efniviður í listaverk sem sómir sér á fínu listasafni. Það kann að fylla áhorfandann lotningu við tilhugsunina um hversdagslega athöfn sem er í raun svo falleg í eðli sínu.



## **Rósa Sigrún Jónsdóttir (f. 1962)** ***Um fegurðina*, 2003**

Myndband, 7.30 mín.

Í eigu listamannsins

Myndbandið *Um fegurðina* var á sínum tíma sýnt ásamt rúmlega tíu þúsund samansaumuðum eyrnapiðnum sem listamaðurinn teygði um sýningarrýmið í því víðri myndsköpun. Fegurðin sem viðfangsefni er vandrataður slóði að fara eftir í myndlistinni enda er hún jafnan háð huglægu gildismati. Skynbragð okkar á fegurð er ólíkt og hún getur kallað fram persónulega tilfinningu og djúpstæð áhrif. Fagurfræðilegt gildismat er þó líka að einhverju leyti þáttur innan hins hlutlæga veruleika. Þannig er fegurðin margslungið fyrirbæri sem virðist einnig lúta hinum ytri veruleika sem erfitt hefur reynst að kortleggja. Heiti verksins og yfirvegun saumaskaparins þar sem nálinni er stungið í tilfinningaríka fingurgómana ljær verkinu einmitt þetta heimspekilega yfirbragð þar sem andstæðurnar, tilfinningar og rök, vegast á. Myndbandið getur þannig kveikt ýmis hugrenningatengsl hjá áhorfandanum um sársaukann, um tilgang og tilgangsleysi og jafnvel um árattu og einstrengingsleg viðbrögð.

## **Þórdís Alda Sigurðardóttir (f. 1950)** ***Skurður*, 1984**

Ljósmyndir af umhverfisverki í Dallandi, Mosfellsbæ  
Í eigu listamannsins

Vinna með þráð leynist víða í listsköpun samtímans og kemur oft á óvart. Á 8. og 9. áratug liðinnar aldar varð umhverfislist áberandi þáttur í íslenskri myndlist þegar listamenn stóðu að ýmsum samsýningum undir berum himni að sumarlagi. Sýningarnar voru gjarnan haldnar í nágrenni Reykjavíkur og verk listamannanna einkenndust oft af róttækri hugsun. Þrátt fyrir að ekki væri tjaldað til margra náttu voru útverkin oft umfangsmikil og uppsetning þeirra krafðist ærinnar vinnu. Eitt slíkra verka er *Skurður* Þórdísar Öldu, sem í dag er aðeins varðveitt á ljósmyndum enda örlög umhverfisverka yfirleitt þau að safnast til náttúrunnar að nýju eða að þeim er eytt að sýningu lokinni. Í því viðum verkum sínum hefur Þórdís haft lag á að skeyta saman mjög ólík efni og hér vísar hún í saumaskapinn, handverk konunnar og rótgróið hlutverk hennar sem græðarans. Þrátt fyrir að 36 ár séu liðin síðan Þórdís Alda saumaði *Skurðinn* saman hefur verkið ekki glatað merkingu og er jafn beinskeytt í einfaldleika sínum og það var á sínum tíma.

# **Hrafnhildur Arnardóttir – Shoplifter** (f.1969) ***Right Brain***, 2003–2005

Blönduð tækni; gervihár, mannshár, viður  
Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2020. LÍ 11479

Form verksins minnir á fljúgandi fugla eða fugl. Það má þó rýna í formin og litina, dökkbrúnar yfir í skollitaðar hárfléttur og lausu lokkana, án þess að myndin skýrist. Þannig er jafnframt myndin af heilastarfsemi mannsins, fremur óljós og dularfull. Þar búa tilfinningarnar, minnið og úrvinnsla þess sem maðurinn sér og reynir svo vísað sé í heiti verksins. Hrafnhildur fer nýjar leiðir í verkum sínum þótt hún í efnisvali sínu notist við alþýðuhefð sem barst til Íslands um miðja 19. öld, þegar farið var að vinna myndverk og skartgrip úr hári. Nýstárleg og stundum hrollvekjandi verk hennar vöktu að vonum mikla athygli strax í upphafi ferils hennar. Tilfinningar fólks til hárs geta verið flóknar og mismunandi eftir menningarheimum og því geta fylgt galdrar eins og í sögunni um Búkollu: „Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.“ Svo göldrótt getur hár kvenna jafnvel verið að þeim er gert að fela það. Rannsóknir Hrafnhildar á merkingu hárs og táknrænum skapandi birtingarmyndum hafa með tímanum þróast í risastórar innsetningar þar sem efniviðurinn er litríkt gervihár.

# **Guðrún Gunnarsdóttir** (f. 1948)

## ***Uppspretta***, 1990

Myndvefnaður; ull, hör, hampur, greinar

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Huglæg og ljóðræn verk Guðrúnar sverja sig í ætt konkret ljóðlist þar sem efnið sjálft hefur orðið. Verk hennar kalla fram margs konar hugrenningatengsl, því þau eru opin og eftirleikurinn áhorfandans, að finna merkingu ef vill. Það er alla jafna auðvelt að tengjast verkum Guðrúnar sem hafa mismunandi áferð og efniskennnd. Heiti verkanna vísa oft til náttúrunnar og þar er þráðinn að finna. Hér er það kraftmikill rauður litur sem ber verkið uppi og minnir á að orkan býr í náttúrunni sem getur verið eilíf uppspretta hugmynda. Þangað sækir listakonan innblástur eins og í þessu hugvitssamlega unna verki þar sem láréttir birkikvistir tengja rauða og svarta flötinn sem mótvægi við lóðrétt ris verksins þar sem grænt faxið sem flaksast vinstra megin skapar hreyfingu og eykur orku rauða litarins. Guðrún hefur nýtt sér hefðbundið form og efnistöð veflistarinnar auk þess að leita sífellt nýrra leiða til að víkka út formið og ekki vílað fyrir sér að leita fanga í margvíslegu efni.

# **Hólmfríður Árnadóttir** (f. 1930) ***Strandlengjan***, 1995–1998

Þæfð, handofin einskefta; ull

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2015. LÍ 9055

Frumleg nálgun listakonunnar ber vott um næmt auga og hrifnæmi. Verkið virðist fullkomlega abstrakt en hefur þó vísun sem tengist heitinu. Ef horft er til lands frá skipi úti á reginhafi má ímynda sér svarta ströndina eins og ókleifan klettavegg þar sem brimið gnauðar. Það má sjá skímu við ströndina sem nægir til að dimmblár litur hafsins taki undir. Verkið er allt á breiddina þar sem láréttar línur bera það uppi. Stallaðir kantarnir gefa verkinu harðneskjulegt yfirbragð og vídd, eða frá hafinu og heim. Ljósið er í raun rauf á milli laga, staðsett á hárréttum stað þar sem það ljær verkinu spennu. Verkið er handofið í tveimur hlutum sem einskefta, þar sem lituð, formuð og þæfð ullin kallar fram voðfellda mýkt. Hólmfríður lauk kennaraprófi frá Handíða- og myndlistarskóla Íslands 1951 og fór síðan í framhaldsnám m.a. til Danmerkur og Bretlands. Hún hefur sinnt margvíslegum störfum tengdum viðgangi textíls auk þess að kenna og sinna rannsóknar- og fræðistörfum samhliða eigin listsköpun. Hún var um tíma prófessor í textílmennt við Kennaraháskóla Íslands og lagði sitt af mörkum við mótun námskrár sem stuðlaði að listuppeldi.

# **Guðrún Marinósdóttir (f.1935)**

## ***Lengjur*, 2011**

Blönduð tækni; spunnið hrosshár  
Í eigu Hönnunarsafns Íslands

Í verkum sínum leiðir Guðrún Marinósdóttir gjarnan hugann að náttúrunni, samspili manns og náttúru, eyðingu gróðurs og náttúruvernd. Frá því að hún lauk námi árið 1977 hefur hún tekið þátt í að víkka út textílhugtakið og unnið með margvíslegan efnivið eins og viðartágar, silki, bómull og hamp sem hún hefur ofið og fléttað í veggverk og þrívíða skúlptúra. Guðrún hefur einnig unnið mikið með hrosshár, bæði í smærri og stærri verkum, sem minna á blómsveiga eða sáðakra eins og hér má sjá, þar sem blómamyndir úr mannshári frá síðari hluta 19. aldar hafa veitt henni innblástur. Láréttar, loðnar línur verksins leiða hugann að vaxandi gróðri og minna á viðkvæma gróðurþekju landsins en lengjurnar minna einnig á framandi letur sem kallar fram mynd af samfelldum texta á veggnum.

# Ásgerður Búadóttir (1920–2014)

## *Norðrið*, 1986

Myndvefnaður; ull, hrosshár

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1994. LÍ 5699

Á áttunda og níunda áratugnum hafði Ásgerður náð slíkum tókum á miðlinum að hún leikur sér að því að framkalla malerísk áhrif í vefnum sem kallast á við landslagsmálverk frumherjanna þar sem yfir vötnum svífur upphafin spennuþrungin kyrrð. Menn hafa gjarnan tengt verk Ásgerðar við norðurslóðir og vöktu mörg verka hennar frá þessum tíma athygli á norrænum vettvangi, en þar var hún virkur þátttakandi allt frá upphafi ferils síns. Notkun hennar á hrosshári var meðal þess sem vakti athygli en Ásgerður hóf að nota hrosshár í verk sín árið 1967, í fyrstu sem slæðing í vefnum en síðar sem þéttan massa eins og hér í *Norðrinu* þar sem upphleyptur flöturinn markar þríhyrning á hvítum grunni. Hér gegnir hrosshár mikilvægu hlutverki þar sem þungi verksins og miðja þess er þar sem hvít hrosshárin leggjast niður eins og klakabönd á fjallstoppi. Í ljóðum þjóðskáldanna er hvítur jökullinn algilt tákn um fegurðina og svar Ásgerðar við spurningunni um hvað veitti henni innblástur var: „Landið, allt kemur þaðan.“

## **Guðrún Gunnarsdóttir** (f. 1948) **Refill**, 1996

Blönduð tækni; vír

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1996. LÍ 7347

Refill Guðrúnar er ekki útsaumað veggjald heldur lágmynd þar sem fínlegur vírin verður efniviður í þvííða teikningu þar sem línan og kúlurnar lyfta sér frá veggnum og skuggarnir taka við. Kveikjan að verkinu er íslenski refillinn og lopapeysumynstur sem hún vann fyrir sýningu á Kjarvalsstöðum sama ár. Á þeirri sýningu var vírin hennar helsti efniviður. Hægt er að leika sér með táknmerkingu þráðarins þar sem allt tengist með einum eða öðrum hætti. Stundum býr listakonan til nýjan þráð úr þræði og tengir saman hin ólíklegustu form, sem leiðir hugann að tilraunum og væntingum manna um þráðlaus og snertalaus samskipti. Í eðli sínu byggir listin á slíkum samskiptum þar sem tenging við verkin byggir á skynfærunum og úrvinnslu þeirra rafboða sem heilanum berast. Með refilsaumi voru sagðar sögur bæði af trúarlegum toga og veraldlegum og mynstrin í lopapeysunum eru margvísleg og vitna um hvernig handverkshefð gengur sífellt í endurnýjun lífdaga með nýrri kynslóð notenda. Í verkinu gerir Guðrún hvoru tveggja hátt undir höfði og bendir jafnframt á að áhorfandanum gefst færi á að lesa í verkið og túlka söguna út frá eigin brjósti.



# Hildur Ásgeirsdóttir Jónsson (f.1963)

## *Vatnajökull #14*, 2006

Málað, handofið silki

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Í gegnum tíðina hefur Hildur fylgst með breytingum í náttúru Íslands, meðal annars með því að ljósmynda jökla. Áhugi hennar beinist að upplifun mannsins á umhverfinu og hefur hún fundið áhuga sínum farveg í myndlist en hún útskrifaðist af textílbraut eftir að hafa sveiflast á milli vísinda, arkitektúrs og myndlistar sem hún vill meina að séu af sama meiði. Hildur býr og starfar í Cleveland í Bandaríkjunum en sækir myndefni í íslenska náttúru. Verk hennar eru í senn málverk og vefnaður, unnin með afar flókinni og tímafrekri tækni sem byggir á handofnum dúkum sem Hildur malar á sjálfa þræðina út frá skissu eða ljósmynd. Hér er það Vatnajökull sem er innblásturinn en aðferðin, sem leiðir af sér óvenjulegt samspil lóðréttra og láréttra þráða, kallar fram þokukennda mynd af bráðnandi jökli.

# Lilý Erla Adamsdóttir (f.1985)

## *Lón gærdagsins*, 2018

Flostækni; ull, pólýester

Í einkaeigu

Árið 2019, tveimur árum eftir að Lilý Erla lauk framhaldsnámi í listrænum textíl frá Textilhögskolan í Borås í Svíþjóð, sýndi hún mjúk og litrík verk á sýningunni Voðaverk á Hönnunarmars. Sjálf lýsir hún þessum verkum sínum sem loðnum málverkum eða dansandi útsaumi. Aðferðin sem hún notar kallast flostækni og er unnið með handstýrðri byssu sem skýtur allt að sex þráðum í einu í gegnum undirlagið. Aðferðin býður upp á hraða og frjálsa sköpun þar sem samspil lita og efniseiginleika er í forgrunni. Sjónum er einnig beint að endurtekningunni, möguleikum hennar og takmörkunum. Lilý sækir innblástur frá ólíkum stöðum, hvort sem það er úr eldhúsinu eða úr náttúrunni. Við fyrstu sýn virðist *Lón gærdagsins* vera abstrakt en heiti verksins beinir sjónum að náttúrunni og bráðnun jökla. Með natni í lita-notkun og útfærslu verður verkið að látlausri yfirlýsingu um umhverfið.

## Ragna Róbertsdóttir (f. 1945)

### *Jarðhús*, 1983

Blönduð tækni; manillareipi, hör

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1986. LÍ 7232

Því hefur stundum verið fleygt að enginn komist undan íslenskri náttúru og Ragna viðurkennir þau mótandi áhrif sem umhverfið hefur á hana. Hún vinnur „úr sínu“ og meinar þá náttúru Íslands. Landið, menningin og efnið sjálft. Ragna á rætur í þeirri uppreisn textillistar eða nýbylgju sem tengdist kvenfrelshreyfingu áttunda áratugarins og var stofnfélagi í *Gallerí Langbrók* 1978–1986 og hefur verið virk allar götur síðan. Verk hennar, rýmisverk og veggmyndir hafa hlotið mikla athygli fyrir nýstárlega útfærslu eða nálgun og eru þar hraunmyndirnar í sérflokki. Hekluvikur sem fleygt er upp á vegg inn á afmarkaðan flöt. *Jarðhús* hefur beina vísun í íslenska torfbæinn, formið knappt og rís upp af jörðinni eins og fjöllin. Efnið er sveigt undir vilja andans og þannig vinnur Ragna ævinlega er hún leitast við að finna kjarnann, hið einfalda form efnisins þar sem hún vinnur í anda hugmyndalistar á jaðri naumhyggju og handverkshefðar. Verkið kallar fram heimspekilegar vangaveltur um margslungna þróun menningarlandslags. Efniviðinn nálgast hún af trúmennsku þar sem hún nýtir hörinn í uppistöðuna sem bindur verkið saman og manillareipið, sem unnið er úr hampi, þræðir hún síðan á milli hörþráðanna í langan dregil og rúllur sem líkjast burst sem vantar mæni. Hampur hefur verið ræktaður í nær 5000 ár víða um heim og má segja að kaðlar, segl og reipi úr hampi séu samofin siglingum og íslenskum sjávarútvegi og hafi átt þátt í að þjóðin skreið út úr torfkofunum eins og margtuggið er.

# **Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir (f.1948)**

## ***Jörð*, 2000**

Myndvefnaður; ull, hör

Í eigu Alþingis

Í ofnum verkum sínum rannsakar Styrgerður með skipulögðum hætti myndflöt, myndbyggingu, línu og litróf innan hins strangra ramma vefjarins. Niðurstöður sínar setur hún fram með rök-rænum hætti þar sem hún heldur sig við tvívíðan flöt en fer út fyrir hið einfalda hornréttu form sem vefstóllinn er þekktur fyrir. Íðulega endurspeglar lögun verkanna línuspil innan þeirra og hárfínt samspil ólíkra litablæbrigða skapar rými og dýpt. Heiti margra verkanna benda til þess að Styrgerður sæki innblástur til náttúrunnar og leiða mörg þeirra hugann að ýmsum náttúru-fyrirbærum og samspili ljóss og skugga. Styrgerður er ein fárra hér á landi sem hefur ræktað hör og nýtt hann í eigin vefnað auk þess að kynna hann fyrir öðrum. Það liggur mikil vinna á bak við fullunninn hörþráð en efnið á sér aldagamla hefð og skipar mikilvægan sess í hinni alþjóðlegu vefnaðarsögu.

# Ásgerður Búadóttir (1920–2014)

## *Af jörðu*, 1992

Myndvefnaður; ull, hrosshár

Í eigu Listasafns Íslands, gjöf listamannsins 1994. LÍ 5703

Það býr tilfinningalegur þungi í verkinu *Af jörðu* sem markast af íhugulli framsetningu sem leiðir hugann að helgimyndum. Vandfundin er jafn rík tjáning innan svo afmarkandi ramma sem vefurinn setur. Út frá heiti verksins má líta svo á að verkið vísi í óumflýjanleg örlög alls sem vex af jörðu eða er listakonan einungis að kompónera? Vald hennar á miðlinum er aðdáunarvert þar sem djúp skynjun hennar á umhverfinu skilar sér. Ferningur er formið sem verkið byggir á, jarðbundið form sem Ásgerður vann gjarnan með. Við drögum þó ósjálfrátt krossmark í huganum, lárétt og lóðrétt. Skálínan í miðju verksins rýfur kyrrðina og svart hrosshárið bærir eins og undan vindi þar sem hárin leggjast mót hægri hlið verksins. Ásgerður var meistari tenningarinnar og hér má sjá hvernig dökkar og ljósar rendur spila saman svo úr verður hárfín skygging. Indígóblár mót hvítum og svörtum í bakgrunni lyfta krossinum fram. Hvítur kallast á við svarta umgjörðina. Miðja verksins er eins og gluggi inn í annan heim þar sem vellur út loðið myrkur. Ásgerður var fámál um inntak verka sinna og lét öðrum eftir túlkun þeirra en víst er að hér tala efnið og andinn svo snertir hjartarætur.

# Ólöf Einarisdóttir (f. 1959)

## *Fjallasýn*, 2008

Spjaldvefnaður; hör, sísalhampur, hrosshár  
Í eigu listamannsins

Innblásturinn í verkinu *Fjallasýn* er sóttur í íslenska náttúru eins og í flestum verka Ólafar. Hræringar í náttúrunni og það sem ólgar undir niðri hefur verið henni hugleikið umfjöllunarefni um árabíl og sér hún ýmsar hliðstæður í tilfinningalífi fólks og hreyfingum og umróti jarðarkúlunnar. Veltir hún þannig iðulega fyrir sér tengslum náttúrunnar við manninn. Í verkum sínum notar Ólöf mjög tímafreka aðferð, spjaldvefnað, sem hún kynntist í námi sínu í Myndlista- og handíðaskólanum. Þetta er ævaforð aðferð sem er aðallega notuð við gerð nytjahluta en lítið notuð í myndverk eins og Ólöf gerir hér með nýstárlegum hætti. Í verkum sínum gerir hún iðulega tilraunir með form og líti, sem kalla fram ýmis náttúrufyrirbæri þar sem samspil þessara grunnþátta mynda sterka sjónræna heild. Hér er það þríhyrningslaga fjallið sem virðist eiga sér djúpar rætur sem vísa í jarðhræringar og eldsumbrot undir yfirborði jarðar.

## **Þorbjörg Þórðardóttir (f. 1949)** ***Hraunelfur*, 2003**

Myndvefnaður; ull, hör, sísalhampur, handspunnið og sérstaklega meðhöndlað hrosshár

Í eigu listamannsins

Þáttaskil urðu í list Þorbjargar Þórðardóttur árið 1989 þegar hún var beðin um að vinna verk fyrir Bændaskólann á Hvanneyri og nýta hráefni af staðnum í verkið. Þetta varð til þess að hún fór að vefa úr hrosshári sem hún spann saman við ull. Í fyrstu var hrosshárið ólitað en listakonan fór brátt að lita bandið, enda tekur hrosshár, bæði taglhár og fax vel við lit. Smám saman bættust í garnið fleiri þræðir úr ýmsum náttúru efnum eins og hör og sísalhampi. Einnig notar hún stífað og sérstaklega meðhöndlað hrosshár í verk sín. Með þessum hætti nær Þorbjörg fram nýstárlegri áferð og fær í vefnað sinn efnivið í fjölbreyttum litatónum. Þorbjörg sækir iðulega hugmyndir að verkum sínum til náttúrunnar og vinnur úr þeim óhlutbundin verk sem oftast en ekki hafa þrívíða eiginleika. Verk hennar einkennast af einföldum formum, hrjúfu yfirborði og meðvitaðri notkun fjölbreyttra lita og má segja að þau séu minningar um náttúrufyrirbæri þar sem samspil efnis og áferðar er mikilvægur þáttur.

# **Guðrún Gunnarsdóttir** (f. 1948)

## ***Snjór***, 2000

Blönduð tækni; pappírspræðir, blek

Í eigu Listasafns Reykjavíkur

Segja má að Guðrún Gunnarsdóttir hafi fylgt þræðinum í viðleitni sinni til að kanna möguleika textíllistar og hefur hún verið óþreytandi að gera tilraunir með ólík efni eins og pappír, plast, hrosshár, vír og jurtarætur, svo nokkuð sé nefnt. Hún sækir iðulega innblástur til náttúrunnar og má líta á verkið *Snjó* sem ljóðræna veðurfarslýsingu eða skynjun á mynsturgerð náttúruaflanna. Verkið á sér líka tilvísun í bókmenningu þjóðarinnar þar sem efnið er pappír og blek, nema hér er kastljósinu beint að því sem gerist á milli línanna en ekki því sem skrifað er. Fínleg og margræð verk Guðrúnar kalla á spurningar af tilvistarlegum toga þar sem mikilvægi skynhrifa eru tíunduð. Með skynjunina að leiðarljósi bendir hún okkur á að fanga megi línuna sem leikur lausum hala í öllu umhverfinu, því manngerða jafnt sem náttúrunni, ef við gefum því gaum.



## **Vigdís Kristjánsdóttir (1904–1981)**

### ***Bólstrar*, 1968**

Myndvefnaður; ull

Í eigu Listasafns ASÍ

Dökkir og grábláir skýjabólstrar þekja myndflötinn í marglaga hrynjandi mjúkra forma í verki Vigdísar. Bólstraský eru oftast öll á hæðina og verkið því rökrétt í byggingu og lit. Myndin er ofín standandi svo höfundur hefur getað fylgst með framvindu verksins og í lokin látið þræðina í uppistöðunni mynda kögríð. Vigdís átti langt nám að baki í myndlist hér heima og erlendis, þar meðtalið er fimm ára nám í málalalist við Konunglega listaháskólann í Kaupmannahöfn en þaðan fór hún til Noregs og nam myndvefnað í Ósló. Vigdís málaði einnig olíumálverk og sýndi málverk sín samhliða myndvefnaðinum líkt og Júlíana Sveinsdóttir hafði gert. Hún hafði á valdi sínu góbelínvefnað og jurtalitun og nýtti margvísleg form veftækni til að ná fram þeim áhrifum sem andinn bauð hverju sinni, hvort heldur var um óhlutbundin verk að ræða eða fígúratíf þar sem lífræn gróska og sögur lands og þjóðar voru viðfangsefni.

# Ólöf Einarsdóttir (f. 1959)

## *Ruðningur*, 2008

Spjaldvefnaður; hör, sísalhampur, hrosshár  
Í eigu listamannsins

Tengslin við íslenska náttúru eru sterk í verkum Ólafar Einarsdóttur eins og nöfn verkanna gefa til kynna. Ruðningur getur til dæmis átt við ár og læki sem brjóta af sér ís eða dyngjur sem myndast við gröft. Græni liturinn í verkinu og vöndlarnir sem nema við gólfið leiða svo hugann að gróðri og hreyfingum gróðurpekjunnar. Hræringar í náttúrunni taka iðulega langan tíma rétt eins og gerð verkanna. Spjaldvefnaður er ævafor en mjög tímafrek aðferð við vefnað sem barst hingað með landnámsmönnum og var mikið notuð allt fram á 20. öld við að vefa mynstruð bönd, eins og styttubönd, axlabönd, ólar og tauma. Eins og nafnið gefur til kynna er spjaldvefnaður ofinn á þar til gerð spjöld sem geta verið misjöfn að lögun. Á hornum spjaldanna eru göt sem uppistöðupræðirnir eru dregnir í gegnum en vefarinn hefur spjöldin í greip sinni og snýr þeim til að mynda skil fyrir ívaf.

# **Oddný E. Magnúsdóttir** (f.1949) **Öræfi**, 2001

Salúnsvefnaður; ull

Í eigu Menningarmiðstöðvar Þingeyinga

Óneitanlega minnir verkið *Öræfi* á gamlar rúmábreiður og söðul-áklæði enda var salúnsvefnaðurinn mjög algengur hér landi á 19. og 20. öld við gerð hvers konar nytjahluta til heimilisins. Litanotkunin er þó nýstárleg og gefur heiti verksins vísbendingu um innblástur Oddnýjar en að hennar sögn er verkið ofið undir áhrifum frá litum landsins á leiðinni úr Mývatnssveit inn í Kverkfjöll. Á þessari leið eru umfangsmikil hraun og sandar og sannkallaðar óbyggðir. Fjölbreytt litbrigðin og ótalmargar salúnsrósirnar minna okkur þó á að öræfi landsins eru ekki eingöngu gróðurlaus eyðimörk heldur má þar finna viðkvæma náttúru sem liggur eins og ábreiða yfir landinu.

# Auður Vésteinsdóttir (f. 1950)

## Á fjalli, 1993

Myndvefnaður; ull, hör

Í eigu Arion banka

Hugmyndir að verkum sínum sækir Auður til náttúrunnar og umbreytir þeim í vefnum. Í þessu grafíska verki er það þríhyrningsformið sem unnið er út frá í takt við lögmál hins stranga forms vefstólsins. Skáhallandi línur skapa stígandi á blátónuðum fletinum þar sem hvítur þríhyrningur og ljósbrúnn þríhyrningur mynda hreyfingu í gagnstæða átt. Lóðréttar línur skapa festu og ró með tónuðum litum. Klassískur myndvefnaður hefur átt huga Auðar frá því hún lauk námi úr nýstofnaðri textíildeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1972. Í upphafi óf hún úr ull og hör en undanfarna tvo áratugi hefur hún einnig unnið með hrosshár sem hún litar sjálf, líkt og annað efni sem hún notar. Myndvefnaður er langt og krefjandi ferli sem Auður hefur lýst með eftirfarandi hætti:

*Hugmynd, teikna. Lita band.*

*Reikna, rekja, breidd í skeið.*

*Rifja, draga, hnýta fram.*

*Strekkja, binda, varpa vel.*

*Vinda, vefa, slá og fella.*

# Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá (f. 1933)

## *Fjársjóður*, 1997

Blönduð tækni; ull, plexíglar

Í eigu Listasafns Íslands, gjöf listamannsins 1997. LÍ 7371

Öllum sem til þekkja er ljóst hve einstök íslenska ullin er með sitt slétta tog og mjúka þel í blæbrigðaríkum litum. Með fjölbreyttum verkum sínum úr ull hefur Kristín Jónsdóttir bryddað upp á áhugaverðu samtali um eðli og nýtingu ullarinnar. Heiti þessa verks bendir okkur á þann auð sem felst í ull íslensku sauðkindarinnar. Ullarvaðmál var til dæmis lengi útflutningsvara og mælikvarði á auðæfi, samanber orðatiltækið „að komast í álnir“. Hringlaga formið og skipting þess minnir á réttir og leiðir hugann að þeirri aldagömlu hefð að smala fé af fjalli og draga það í dilka. Hér er það hvíta ullin sem er umfangsmest sem minnir okkur á að vegna ræktunar hefur mórauðu, gráu og svörtu fé fækkað umtalsvert. Verkið vekur þannig margvíslegar spurningar um tengsl manns og náttúru.

# **Vigdís Kristjánsdóttir (1904–1981)**

## ***Óður til íslensku sauðkindarinnar*, 1964**

Röggvarvefnaður; ull

Í eigu Hallveigarstaða, gjöf Lestrarfélags kvenna í minningu Laufeyjar Vilhjálmsdóttur

Sauðalitirnir ásamt gulum jurtalit njóta sín í fjallstindunum og gróandanum í rismiklu verki tileinkuðu íslensku sauðkindinni. Eftir áralanga vinnu með íslensku ullina hefur Vigdís verið ljóst hve einstök hún er. Gæra sauðkindarinnar hefur yljað landanum allt frá landnámstíð og fljótlega urðu ofnir dúkar og röggvarfeldir, ofnir úr óspunninni ull með röggvarfeldartækni, að útflutningsvöru. Röggvarfeldirnir hafa sennilega aðallega þjónað sem undirlag og yfirbreiðslur, t.d. þar sem setið var yfir ánum eða sauða gætt, en til er saga frá miðri tíundu öld um Harald Eiríksson Noregskonung sem brá sér í íslenskan vararfeld sem komst þar með í tísku. Íslendingar hættu röggvarvefnaði laust fyrir 1200 en röggvar hafa síðan birst í ýmsum útgáfum, bæði í veggteppum og gólfmottum og ekki má gleyma rýjaæðinu og smyrna-teppunum sem prýddu íslensk heimili um miðja síðustu öld. Þá var notaður tilbúinn strigi sem undirlag og rýja-eða smyrna-nálar til að hnýta garnið en ívafið var ekki lagt um leið eins og í teppi Vigdísar.

## **Hildur Hákonardóttir** (f. 1938) ***Himinn og jörð***, 1982

Blönduð tækni; ull, ljósmynd, plexíglar

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1983. LÍ 4346

Samfara þeirri pólitísku meðvitund sem ríkti á áttunda ára-tugnum birtist náttúran með nýjum hætti í myndlistinni þar sem samband manns og náttúru var sett í brennidepil og andstæðum ósnortinnar náttúru og dekkri hliðum manngerðs umhverfis var iðulega stillt upp. Um og upp úr 1980 virðist sem hina pólitísku öldu í myndlistinni sé farið að lægja og hið gagnrýna sjónarhorn hafi látið undan síga. Þetta sést meðal annars í verkum Hildar Hákonardóttur sem hafði verið mjög pólitísk í verkum sínum en sótti í æ ríkari mæli innblástur til náttúru og landslags, þó ekki til að vekja athygli á óréttlæti heldur velti hún fyrir sér tímanum og samhengi hlutanna eins og sjá má í verkinu *Himinn og jörð*. Að hluta til endurspegla þessi verk nýtt umhverfi Hildar og nábylí við náttúruna en einnig tilraunir hennar með nýja og handhægari tækni. Í verkinu sjáum við ofið veggteppi þar sem grænn litur jarðarinnar rennur saman við bláan himininn en framan við verkið má sjá nokkurs konar gróður-pýramída, manngert form úr plexíglari utan um endurtekna ljósmynd af afmörkuðum gróðurreit, sem við nánari athugun reynist vera álfhóll í túni listakonunnar.

# Hildur Hákonardóttir (f. 1938)

## *Fjall*, um 1982

Myndvefnaður; ull

Í eigu Listasafns Íslands, gjöf Merritt Abrash 2015. LÍ 9050

Sígildur myndvefnaður og vald listakonunnar yfir miðlinum birtist hér í klassískri landslagsmynd þar sem teikningin nýtur sín með fjölbreyttum hætti. Láréttar línur, lóðréttar og skálínur spila fallega með mýkri línunni í brún fjallsins og hæðum og hólum við rætur þess. Samhverfar skálínur á ljósum himninum mynda geisla sem lýsa af fjallinu. Litapallettan er hófstíll þar sem brúnir jarðlitir í forgrunni spila á móti gráfjólubláum og brúnum litum í fjallinu og grátónuðum himninum. Hér dregur Hildur upp sígilda mynd af fjalli þar sem efniviðurinn er ull og eðli vefjarins kemur berlega í ljós og spilar með myndbyggingunni. Forgrunnur myndarinnar skipaður reglubundnum reitum, ferhyrningum og þríhyrningum minnir á málverk Þorbjargar Höskuldsdóttur, þar sem flísalaft manngert landslagið kallast á við fjöllin eða fjallið á ljósmynd Sigurðar Guðmundssonar frá 1980–1982, þar sem listamaðurinn er skurðpunktur náttúru og menningar.



# Ragnheiður Björk Þórsdóttir (f. 1958)

## *Land sauðanna*, 2012

Röggvarfeldartækni; ull  
Í eigu listamannsins

Verkið *Land sauðanna* er ofið með gamalli tækni sem tíðkaðist hér við upphaf byggðar og var notuð til að vefa röggvarfeldi í kljásteynavefstað, en feldirnir voru ásamt vaðmáli aðalútflutningsvara landsmanna frá landnámi og fram á 13. öld. Þessi gamla tækni röggvarfeldarins er frábrugðin röggvarvefnaði samtímans sem sést t.d. í verkum Ásgerðar Búadóttur og Vigdísar Kristjánsdóttur. Bæði er hnúturinn sem er notaður til að binda röggvarnar í uppistöðuna frábrugðinn og einnig er efnisnotkun í röggvarfeldartækninni önnur en þar er tog notað í röggvarnar en ekki garn. Vefurinn lítur því út eins og gæra og á þjóðveldisöld var þessi feldur notaður sem skjólflík karlmanna. Þessi gamla vefnaðartækni féll í gleysku hér á landi en hefur gengið í endurnýjun lífdaga síðastliðinn áratug. Heiti verksins, *Land sauðanna*, minnir okkur á mikilvægi sauðfjárbúskapar fyrir búsetu í landinu og lífsafkomu þjóðarinnar í gegnum tíðina en hefur einnig víðari skírskotun. Til dæmis er talað um sauðheimskan almúgann og ekki hefur alltaf þótt jákvætt að vera í sauðalitunum.

## **Silla – Sigurlaug Jóhannesdóttir (f.1945 )** ***Felumynd II*, 1981**

Blönduð tækni; hrosshár, viður

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 1981. LÍ 4157

Hrosshár var áður fyrr nýtt í reiðtygi og reipi hér á landi en verkunnáttan féll í gleymsku með breyttum búskaparháttum um miðja síðustu öld. Síðar áttu íslenskar veflistakonur eftir að nýta sér hrosshár í verk sín og var Ásgerður Búadóttir brautryðjandi á því sviði en 1967 hóf hún að hnýta hrosshár inn í vefinn og framkalla með þeim hætti nýja áferð og þrívídd í verk sín. Verk Ásgerðar urðu Sigurlaugu Jóhannesdóttur innblástur til að nýta hrosshár í listsköpun en hún fékk snemma áhuga á hrosshári og lærði af gömlum bónda að meðhöndla það. Í fyrstu spann hún hárið og notaði í vefnað en heillaðist brátt af þessu stífa og glansandi efni á vinnslustigi þess og fór að vinna með vöndlana sem spunnið er úr. Sigurlaug er ein fárra sem nota hrosshár eitt og sér í verk sín og hér er það náttúrulegur litur taglhársins sem fær að njóta sín. Hér gæti einnig dulist önnur mynd eins og heiti verksins bendir til.

# Ívar Valgarðsson (f. 1953)

## *Aðdragandi*, 2009

Blönduð tækni; rafmagnsvír, ljósapera  
Í eigu Arion banka

Það eru margvíslegir efnislegir þræðir sem tilheyra daglegu umhverfi okkar sem fá nýtt líf í samhengi myndlistarinnar. Ívar Valgarðsson er einn af þeim sem tekur iðulega til handargagns kunnuglegt efni og setur í nýtt samhengi svo það fær nýja merkingu. Hér er það rafmagnsvír í stórri flækju og ljósapera á gólfinu sem vekur athygli áhorfandans á litum og formum í umhverfinu og setur af stað hugrenningatengsl. Hér minnir til dæmis glóðin sem kemur innan úr óreiðubendunni á ljós í málverkum hollenska listmálarans Rembrandts von Rijen. Verk Ívars eru þó iðulega af hugmyndafræðilegum toga þar sem efniviðurinn lýtur hugmyndinni eða öfugt þegar um mínímalísk verk er að ræða. Eitt er víst að síbreytileiki efnis og hugmynda sem finna má í manngerðu umhverfi hefur orðið Ívari tilefni til frumlegra vangaveltna.

## **Þór Vigfússon** (f.1954) ***Án titils***, 2005

Sveigt plexíglar

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2006. Lí 6984

Þór Vigfússon hefur í áranna rás unnið mínímalísk verk úr plexíglari þar sem inntak verkanna er litir og efnið sjálft. Hér er það opið þrívítt verk úr mislitum plastræmum, eins konar þrívíð teikning, flækja eða frásögn úr lituðum ræmum sem skarast stundum og kalla fram nýjan lit. Það má því segja að hér sé koloristi á ferð, listamaður sem leggur mikið upp úr litunum, og sver hann sig því í ætt við listmálara þó verkið sé af meiði mínímalisma og hugmyndalistar og undir búi ljóðrænn strengur. Nálgun listamannsins er svipuð og hjá Donald Judd sem í allri sinni hógværð og afslöppuðu viðhorfi sínu til myndlistar treystir á eigið innsæi og tilfinningu og lætur allar sögulegar, táknrænar vísanir lönd og leið, en opnar um leið fyrir nýjar. Hér er sviðið opið og framhaldið er áhorfandans.

## **Ingunn Fjóla Ingbórsdóttir (f. 1976)** ***Samtal við RJR I og III*, 2015**

Blönduð tækni; akrýl, viður, ull, nælon  
Í eigu Arion banka

Um nokkurt skeið hefur Ingunn Fjóla unnið með þráð í verkum sínum með ýmsum hætti. Athygli hennar hefur beinst að hinu efniskennda og óefniskennda þar sem hún kannar meðal annars þann möguleika að taka málverkið út úr rammanum. Það er í sjálfu sér ekki ný áskorun en þráðverk Ingunnar hafa þróast jafnt og þétt og hér getur að líta aðeins lítið sýnishorn af mun viðameiri vinnu Ingunnar. Í þessum tveimur verkum notar hún landslagsmyndir Ragnheiðar Jónsdóttur Ream (1917–1977) sem fyrirmynd og leysir upp og yfirfærir dæmigert ljóðrænt abstraktverk Ragnheiðar yfir á strangflötinn. Tilraunin er áhuga- verð því saman er teflt ólíkum stílum listasögunnar og aðferðum og miðlum innan þeirra og fyrir vikið verður til áhrifaríkt samtal við fortíðina þar sem fagurfræði þess formfasta og knappa skapar áhrifaríka heild.

## **Anna Líndal** (f. 1957) ***Viðgerðarmaðurinn***, 1994

Blönduð tækni; tvinnakefli, nálar  
Í eigu listamannsins

Með ljóðrænum kvennapólitískum verkum sem Anna Líndal vann á árunum 1994–2000 afhjúpar hún viðteknar hugmyndir um stöðu konunnar í samfélaginu. Hún vinnur jöfnum höndum með stök verk og innsetningar sem hafa samfélagslega vísun, stundum ádeilu eða vangaveltur um málefni líðandi stundar. Hún byggir á rannsóknum á viðfangsefninu þar sem efnisnotkunin er í ætt við DADA og Fluxus, tilbúnir hlutir settir í nýtt samhengi þar sem hvergi er hvikað frá lögmálum myndlistarinnar. Það þarf mikla þekkingu til að spinna þráð og nota hann, þráðurinn er þannig samofinn menningunni. Marglit tvinnakeflin sem hvert og eitt hanga í mislöngum þræði á einni nál í eigin holu og skapa þannig hreyfingu og hrynjandi eins og bylgjur sem fara um loftið og minna jafnvel á sprengjuregn. Undir leikrænu yfirborðinu býr alvara og það er freistandi að lesa verkið með kynjuðum augum út frá hlutverki kvenna í samfélaginu og sögunni sem ekki fer hátt; öllu því sem lýtur að endurreisn og að hugga, laga, staga og bæta.

## **Hildur Bjarnadóttir (f. 1969)**

### ***Lassoing*, 2004**

Myndband, síendurtekið myndskaið

Í eigu Listasafns Íslands, keypt 2008. Lí 8073

*The Yarn Twirler* var frumheiti verksins fyrst er það var sýnt í Gallerí Gangi árið 2002. Eftir endurbætta klippingu árið 2004 fékk það heitið *Lassoing* sem merkir að snara dýr. Með sveiflunni skapar kúrekinn svífandi form með reipinu, eins konar teikningu í loftið. Myndbrotið er endurtekið endalaust svo úr verður ein samfelld hringrás; mynd af fimlegri hreyfingu mannsins sem sveiflar snörunni kringum sig og hestinn. Hugmyndina að verkinu sækir Hildur í villireið eða rodeo eins og slík kúrekakeppni kallast í Bandaríkjunum en þar stundaði Hildur framhaldsnám í myndlist. Vídeóklippan er fengin úr frægri kvikmynd, *The Roping Fool* með Will Rogers. Í víðu samhengi má tengja verkið rannsókn Hildar á möguleikum textílsins sem tjáningarmáta í myndlist. Verk Hildar byggja í grunninn á handverkshefð kvenna þar sem listakonan sjálf hefur fullkomin tök á arfleifð formæðra sinna.

# Ásgerður Búadóttir (1920–2014)

## *Skjaldarmerki*, 1978

Myndvefnaður; ull, spunnið hrosshár  
Í vörslu Listasafns Íslands, komuár 2017.  
Langtímalán frá Ríkisútvarpinu

Verkið *Skjaldarmerki* á sér djúpar rætur í sögu landsins og í aldagömlu handverki. Útfluttur þorskur, eins og í fornu merki Íslands með gullinni kórónu á rauðum skildi, tengir verkið við endurreisn textílmennta hér á landi upp úr miðri átjándu öld. Skúli Magnússon fékk þá Eggert Ólafsson til að teikna merki fyrir *Innréttingarnar* sem var hlutafélag sem ætlaði sér að reisa við efnahag landsins, m.a. með ullarvefsmiðjum. Merkinu var flaggað á duggum félagsins árin 1752–1754. Flaggið var með flöttum þorski ásamt stöfunum PII (Privilegerede Islandske Interessenter). Í verkið nýtir Ásgerður einnig tenningu sem er aldagömul aðferð, þekkt í vefnaði um allan heim, til að mynda reglulegar rendur. Hér á landi var tenning meðal annars notuð við gerð brekána en Ásgerður nýtir hér aðferðina til að mynda hrynjandi eða gárur á myndfletinum. Ásgerður nýtti þessa vefnaðaraðferð í mörgum verkum og hefur reglufesta og grafísk áferð tenningarinnar vafalítið heillað hana en líka sjónerting í ætt við op-list sem þessi aðferð kallar fram.